



Áveitan

6. tbl. 16. árgangur. Júní 2022

Þjóðhátíðardagskrá í Flóahreppi

Venju samkvæmt bjóða kvenfélögin í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi til hátíðardagskrár í tilefni af 17. júní. Hátíðin fer fram í Einbúa.

Dagskráin hefst kl 14:00. Að venju verður ávarp fjallkonu, verðlaunaafhendingar, leikir, andlitsmálun, þrautabraut, reiptog og fótboldamót á dagskránni. Lautarferðarstemmning verður í faðmi náttúrunnar þar sem allir koma með sitt eigið nesti.

Lögð hefur verið inn pöntun um gott veður, en ef veður verða válynd verða hátíðarhöldin mögulega færð inn.

Nánari dagskrá verður auglýst á facebook síðu Þjótanda þegar nær dregur. Endilega fylgist með okkur þar og mætum sem flest með góða skapið, teppi og nesti.

Umf Þjótandi
Kvenfélögin í Flóahreppi.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Hreinsunarátaki Flóahrepps er nú á lokametrum og margir hafa nýtt sér þá þjónustu

sveitarfélagsins að fá senda gáma heim á hlað fyrir járn og timbur. Mikið hefur einnig borist á söfnunarsvæðin af járn og timbri sem á að fara í endurvinnslu. Áfram er hægt að losa sig við það sem ekki á að nota lengur í móttökustöðinni í Hrísmýri. Bestu þakkir fyrir dugnaðinn við að fegra umhverfið okkar.

Unglingavinna Flóahrepps hefst 7. júní. Rúmlega 20 nemendur eru skráðir í vinnuskóla sem Ingibjörg Jóhannesdóttir og Margrét María Ágústsdóttir munu handleiða. Vinnuskólinn mun eins og undanfarin ár sjá um umhirðu opinna svæða og lóða í eigu Flóahrepps, umhirðu kirkjugarða og nokkurra garða fyrir eldri borgara í júní og júlí.



Ársreikningur Flóahrepps var afgreiddur af sveitarstjórn

Flóahrepps við síðari umræðu 3. maí s.l. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrartekjur	847.696
Rekstargjöld	834.381
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	13.315
Afskriftir	(24.332)
Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld	(7.764)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(18.782)
Eigið fé	696.046
Skuldir	258.194
Eigið fé og skuldir samtals	954.240
Veltufé frá rekstri	16.000
Handbært fé í árslok	200.681

Ársreikningar Flóahrepps eru birtir á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.floahreppur.is/stjornsysla/fjarhagsaaetlanir-og-arsreikningar/> og má þar gera samanburð á ýmsum lykiltölum milli ára.

Samgöngur:

Starfsmenn Vegagerðarinnar vinna nú að heflun á malarvegum og heimreiðum í sveitarfélaginu. Malbikun á göngustíg við Urriðafoss lauk í maímánuði og frágangur við afmörkun stígsins í vinnslu. Lokið er uppsetningu á skiltum og girðingu sem afmarkar bílapan við Flóðgátt Flóaáveitu. Allmörg bæjarskilti eru í vinnslu og munu starfsmenn Vegagerðarinnar setja þau upp um leið og þau verða afgreidd.

Nemendur og starfsmenn Flóaskóla eru nú að ljúka síðustu starfsdögum á þessu skólaári með útivist, ferðalögum og frágangi. Leikskólinn er í sumarleyfi frá 28. júní – 3. ágúst. Fyrsti nemendadagur í leikskólanum er 4 ágúst.

Frá skrifstofu Flóahrepps

Skrifstofa Flóahrepps lokar vegna sumarleyfa frá og með 11. júlí – 29. júlí.

Upplýsingar um neyðarsíma vatnsveitu og aðra tengiliði á lokunartíma skrifstofu verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins www.floahreppur.is

Með sumarkveðju og sól í hjarta,
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Peysupöntun

Við ætlum að safna saman í pöntun á fleiri Þjótandapeysum fyrir sumarið. Eins og áður verður í boði hálfrennd æfingapeysa á kr. 4.000 og rennd hettupeysa á kr 5.500. Peysurnar eru vel niðurgreiddar af félaginu.

Sendu má pöntun til Fanneyjar á netfangið fanneyo80@gmail.com, eða í síma 892-4155. Við ætlum að hafa hraðar hendur, og síðasti dagur til að panta peysur er fimmtudagurinn 9. júní.

Fréttir af skólastarfi

Árshátíð 1. – 6. bekkjar

Nemendur í 1. – 6. bekk settu á svið leikritið Kardemommubæinn 5. maí. Foreldrum og öðrum aðstandendum var boðið á sýninguna og vakti hún mikla lukku. Þetta var í alla staði glæsileg sýning og nemendum og kennurum til mikils sóma.



Langspilsvaka

Í vetur hafa nemendur í 5. bekk tekið þátt í langspilsvakni þar sem þau hafa hannað og smíðað sitt eigið langspil undir handleiðslu Eyjólfssonar og Ragnars Gestssonar smíðakennara. Markmið með verkefninu er að nemendur þrói handverkskunnáttu sína og öðlist undirstöðuþekkingu í smíði og edlisfræði strengjahljóðfæra. Verkefni vetrarins lauk svo með Langspilsvöku í Þjórsárverri þann 25. maí. Nemendur í 5. og 6. bekk sungu nokkur lög undir eigin langspilsleik. Einnig komu fram nemendur við tónlistar- og listkennsludeild Listaháskóla Íslands, en þau hafa nýverið lokið smíði á samskonar langspilum. Sérstakur gestur kvöldsins var söngkonan góðkunna Ragnheiður Gröndal og tók hún nokkur lög með nemendum.



Skólahreysti

Lið Flóaskóla í skólahreysti gerði sér lítið fyrir og sigraði lokakeppni Skólahreysti þetta árið. Þetta er glæsilegur árangur hjá nemendum eftir þrotlausar æfingar allt skólaárið undir dyggri stjórn íþróttakennara skólans, Örvars Rafns Hlíðdal. Lið Flóaskóla skipuðu, Auðunn Ingi Davíðsson. Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Þórunn Ólafsdóttir. Við óskum þeim til hamingju með glæsilegan árangur.

Vorskólavika

Dagana 16. – 19. maí var vorskólavika hjá okkur þar sem væntanlegir nemendur í 1. bekk mættu í skólann. Nemendur fengu góða kynningu á skólastarfinu auk þess að þjálfast í að fylgja eldri nemendum í frímínútum, mötuneytinu og koma til og frá skóla með skólabíl. Það var áhugasamur hópur sem mætti í skólann og hlökkum við til að fá þau til okkar á næsta skólaári.

Gjöf frá Foreldrafélagi Flóaskóla

Fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins komu færandi hendi í heimsókn til okkar á dögunum. Færðu þau skólanum að gjöf veglegan pott og þar til gerðan stand til notkunar við eldstæði. Við þökkum foreldrafélaginu góða gjöf og er þetta góð viðbót til að efla útikennslu við Flóaskóla.

Skólalok

Skóalslit verða föstudaginn 3. júní kl. 10:00 og eru foreldrar hvattir til að mæta. Útskrift nemenda í 10. bekk verður við hátíðlega athöfn í Þjórsárveri fimmtudaginn 2. júní kl. 18:00.

Við þökkum nemendum og fjölskyldum þeirra kærlega fyrir samstarfið í vetur.

Með kveðju frá starfsfólki Flóaskóla



Kvenfélagskona ársins 2021 hjá SSK

Ársfundur SSK var haldinn 30. apríl sl á Selfossi og á þeim fundi var tilkynnt um val á Kvenfélagskonu ársins 2021. Að þessu sinni var það Eydís Lilja Eiríksdóttir, Kvenfélagi Villingaholtshrepps sem hlaut nafnbótina. Elínborg Sigurðardóttir formaður SSK afhenti Eydísi heiðurskjal, blómvönd og Kökukeflið góða, sem er farandgripur en nú eru nöfn 12 kvenfélagskvenna rituð á keflið.

Tilnefning frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Við í Kvenfélagi Villingaholtshrepps viljum tilnefna Eydísi Lilju Eiríksdóttur sem kvenfélagskonu 2021. Eydís, eða Dísu eins og hún er alltaf kölluð, hefur verið kvenfélagskona í marga áratugi og erum við afar þakklátar henni. Dísu var gjaldkeri félagsins í 6 ár, formaður í 9 ár, hefur setið í ýmsum nefndum og í varastjórn Sambands sunnlenskra kvenna. Hún hefur ávallt sinnt störfum sínum af kostgæfni og unnið ótullega að málefnum kvenfélagsins. Hún er hvetjandi og jákvæð í störfum sínum og sýnir ómældan stuðning hverri kvenfélagskonu. Gott er að leita til Dísu þegar leita þarf ráða eða rifja upp hefðir og venjur í félaginu, alltaf er hún með þetta allt á hreinu. Hún hefur verið iðin að mæta á viðburði og taka þátt í öllu því sem við erum að gera, unnið eða útbúið alls kyns handverk fyrir m.a. basara og aðrar fjárafanir. Við erum afar stoltar af því að hafa hana Dísu okkar í félaginu og vonumst til að njóta samveru með henni áfram.



Elínborg Sigurðardóttir, formaður SSK, Eydís Lilja Eiríksdóttir og Ósk Unnarsdóttir formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps

Leikjanámskeið Umf. Þjótanda

Umf. Þjótandi stendur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður í tvær vikur frá 20. - 30. júní frá kl 8:30 - 11:00. Athugið að þessu sinni verður námskeiðið seinna að sumrinu en undanfarin ár.

Námskeiðið fer fram á Íþróttasvæðinu við Þjórsárver að mestu leyti. Lökendur mæta með hollt og gott nesti með sér.

Námskeiðið er ætlað börnum sem eru að ljúka 1. - 6. bekk.

Þjálfarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Við tökum við skráningum á netfangið unnur@floaskoli.is

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Kær kveðja, Örvar og Unnur

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru konur.

Kvenfélag Hraungerðishrepps boðar til vorfundar 8. júní n.k. kl 20:00 í Þingborg.

Við bjóðum hjartanlega velkomnar nýjar konur nær og fjær sem vilja kynnst starfinu og vonandi ganga til liðs við okkar frábæra hóp.

Hressandi veitingar í boði, glens og gaman.

Bkv. Stjórnin

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Fimmtudaginn 9. júní n.k. kl 19:30 höldum við vorfundinn okkar í Þjórásarveri.

Boðið verður upp á léttan kvöldverð í upphafi og eftir hann fundum við.

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar eða til að ganga í félagið.

Vorkveðja, Stjórnin

Leikjavöld fyrir unglina

Leikjavöldin sívinsælu verða á sínum stað í sumar og verða á fimmtudagskvöldum kl. 20-22. Kvöldin eru ætluð fyrir þá sem voru að klára 7. bekk og alla eldri. Staðsetning er mismunandi og er alltaf auglýst á facebooksíðunni „Leikjavöld Þjótanda“. Nú er um að gera að finna síðuna og fylgjast vel með auglýsingunum í sumar.

Fyrsta leikjavöldið verður fimmtudagskvöldið **9. júní við Þingborg**. Stjórnandi er Guðmunda Bríet Steindórsdóttir. Líf og fjör!

Gjöf frá Foreldrafélagi Flóaskóla

Miðvikudaginn 25. maí sl. afhenti foreldrafélag Flóaskóla nýjar útieldunarvörur til skólans sem nýtast munu við útikennslu. Vörurnar voru stór Lodge pottur, loklyfta, lokstandur og poki til að geyma pottinn í. Standinn til að hengja pottinn á setti Rúnar Már Geirsson í Ástúni saman og gaf hann vinnu sína og efni. Færum við honum bestu þakkir fyrir.

Eins og sveitungar vita varð Flóaskóli Grænfánaskóli í haust og því þótti foreldrum/forráðamönnum á aðalfundi félagsins (haldinn í september) tilvalið að færa skólanum þessar vörur að gjöf til að styrkja og efla útikennslu.

Búið er að útbúa skemmtilegt útisvæði rétt við Þjórsárver þar sem hægt er að kveikja opinn eld og sitja á trébekkjum þar í kring. Þar munu þessar nýju útieldunarvörur nýtast vel.

Með kveðju frá stjórn, Ósk, Inga Dröfn og Anný



Gunnlaug skólastjóri og hópur nemenda af yngra stigi Flóaskóla taka á móti gjöfinni frá fulltrúum foreldrafélagsins, Anný og Ósk.

Íþróttakona og íþróttamaður Flóahrepps 2021

Á fjölskylduhátíðinni Fjóri í Flóa var tilkynnt um val á íþróttafólki Flóahrepps fyrir árið 2021.

Íþróttakona Flóahrepps er Hanna Dóra Höskuldsdóttir en hún æfir frjálssar íþróttir með Ungmennafélagi Selfoss. Hún er efnileg íþróttakona og hefur náð góðum árangri í keppni fyrir sitt félag.

Íþróttamaður Flóahrepps er Viðar Hrafn Victorsson en hann er efnilegur golfari. Hann keppir fyrir Golfklúbb Selfoss og hefur á stuttum tíma náð góðum tókum á íþróttinni og staðið sig vel á mótum.

Hanna Dóra og Viðar Hrafn hafa síðastliðin þrjú ár verið í skólahreystiliði Flóaskóla sem hefur náð glæsilegum árangri í þeirri keppni.

Þau eru flottar fyrirmyndir og sannarlega vel að þessu komin.



Frá umhverfis og tæknisviði uppsveita bs.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. hefur tengt málakerfi embættisins við stafrænt pósthólf á island.is, sem er miðlæg þjónustugátt stjórnvalda. Um mikið framfaraskref er að ræða í þjónustu embættisins sem eykur hraða og skilvirkni birtinga á afgreiðslubrэфum og öðrum gögnum sem embættinu ber að birta samkvæmt lögum.

Frá og með 1. september 2022 verður birting sértækra skjala, þ.e. skjala sem beint er sérstaklega til einstaklings eða lögaðila, eingöngu birt í pósthólfi viðkomandi. Við það sparast mikill tími starfsmanna og kostnaður við bréfaútsendingar – auk þess sem skilvirkni embættisins gagnvart umsækjendum og öðrum sem fá þjónustu frá embættinu – eykst verulega þar sem þú getur alltaf fundið skjölin þín í pósthólfinu.

Tek að mér áburðardreifingu með tölvustýrðum GPS áburðardreyfara, tek einnig að mér slátt 7 metra vinnslu breidd ásamt annari verktöku. Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu. Victor Örn S. 789-7675



HSK mót fyrir krakka 14 ára og yngri Selfossvelli 7. og 8. júní

Nú er komið að HSK mótinu í frjálsum og við í Þjótanda ætlum að sjálfsögðu að taka þátt. Mótið verður á Selfossvelli 7.-8. júní. 10 ára og yngri keppa aðeins fyrri daginn en 11-14 ára báða dagana. Keppni hefst kl. 17:30.

Keppnisgreinar

7. júní:

8 ára og yngri: 60 m – 400m- langstökk- kúluvarp.

9 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp.

10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

11 ára: 600 m hlaup - langstökk – kúluvarp kk – spjótkest kvk.

12 ára: 600 m hlaup - 60m grindahlaup- langstökk – kúluvarp kk – spjótkest kvk.

13 og 14 ára: 600 m hlaup - 80m grindahlaup- hástökk – spjótkest.

8. júní:

11 og 12 ára: 60 m hlaup - hástökk – kúluvarp kvk – spjótkest kk.

13 og 14 ára: 100 m hlaup – langstökk- hástökk – kúluvarp og 4x100m boðhlaup.

Verðlaun

Allir keppendur 10 ára og yngri fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Í flokkum 11-14 ára fá þeir efstu í hverri grein verðlaunapening.

Skráningarfrestur

Skráningarfrestur á mótið er til kl. 12:00 sunnudaginn 5. júní. Bryndís Eva tekur við skráningum á netfangið bryndisdalbae@gmail.com

Liðsheildin okkar

Allir sem mögulega geta keppa í Þjótandabol eða Þjótandapeysu. Enn er eitthvað til af bolum í stærð 128 en aðrar stærðir eru því miður búnar í bili.

Hlutverk foreldra

Foreldrar sjá um að koma sínu barni til og frá mótinu, og svo þurfum við að hjálpast að við að halda vel utan um Þjótandahópinn.

Guðmunda Bríet þjálfari verður á staðnum en Örvar þjálfari kemst því miður ekki. Foreldrar fylgja sínu barni milli keppnisgreina og eru beðin að bjóða fram aðstoð við mælingar og annað ef þarf.

Mætum tímanlega og verum tilbúin að byrja að keppa kl 17:30

Afram Þjótandi!

Skógarganga

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps stendur fyrir skógargöngu mánudaginn 27. júní kl 20:00.

Í ár ætlum við að ganga um skógræktina að Hnausi. Gísli B. Björnsson skógarbóndi tekur á mótí okkur við bílplanið, rétt áður en ekið er upp að 360 Hótel.

Létt ganga fyrir alla fjölskylduna. Munum að hafa nesti með okkur.

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps



Hótel Vatnsholt óskar eftir að ráða ungling/einstakling til að aðstoða okkur í sumar við almennt viðhald/sláttur/þrif og annað sem fellur til.
Upplýsingar í síma 8997748, Margret



**VISSIR ÞÚ AÐ
VIÐ ERUM AÐ
LEITA AÐ
KENNURUM?**

Leikskólinn Krakkaborg



Skólahreysti - meistarar 2022

Flóaskóli er sigurvegar í Skólahreysti árið 2022. Úrslit keppinnar fóru fram í Íþróttahúsinu Mýrinni í Garðabæ 21. maí sl en þar kepptu 12 skólar til úrslita. Áður höfðu farið fram 7 undankeppnir þar sem Flóaskóli sigraði sinn riðil örugglega.

Flóaskóli hlaut 61,5 stig í keppninni. Í öðru sæti varð Hraunvallaskóli með 58 stig og í þriðja sæti varð Holtaskóli með 54,5 stig.

Í liði Flóaskóla voru þau Þórunn Ólafsdóttir, Auðunn Ingi Davíðsson, Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Viðar Hrafn Victorsson.

Varamenn voru þau Oddur Olav Davíðsson, Jóhanna Sól Pálmadóttir og Kamilla Hafdís Ketel.

Við óskum Flóaskóla innilega til hamingju með þennan glæsta árangur. Hér má sjá nokkrar myndir frá keppninni.



Sigurlið Flóaskóla. Frá hægri Kamilla Hafdís, Þórunn, Hanna Dóra, Auðunn Ingi, Viðar Hrafn, Jóhanna Sól og Oddur Olav.



Lið Flóaskóla ásamt Örvari þjálfara, Pétri og Andrésí Guðmundssonum, yfirdómurum Skólahreysti.



Stuðningslið Flóaskóla lét vel í sér heyra og studdi sitt lið hressilega.

Sumaræfingar Þjótanda

Nú eru sumaræfingarnar okkar að sigla af stað. Æfingar fyrir krakka 7-13 ára verða á íþróttasvæðinu við Flóaskóla á miðvikudagskvöldum kl 20-21.

Þjálfarar verða Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Einar Skeggjason.

Fyrsta æfing er miðvikudagskvöldið **15. júní**.

Dagskrá mánaðarins

HSK mót fyrir 14 ára og yngri	7.-8. júní
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	8. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	9. júní
Leikjakvöld fyrir unglinga	9. júní
Sumaræfing fyrir 7-13 ára	15. júní
Leikjakvöld fyrir unglinga	16. júní
Þjóðhátíðardagskrá í Einbúa	17. júní
Leikjanámskeið umf. Þjótanda	20.-30 júní
Sumaræfing fyrir 7-13 ára	22. júní
Leikjakvöld fyrir unglinga	23. júní
Skógarganga í Hnausi	27. júní
Sumaræfing fyrir 7-13 ára	29. júní
Leikjakvöld fyrir unglinga	30. júní

